

3430. fundur bæjarráðs, haldinn í Frístundamiðstöðinni Garðavelli,
16. september 2020 og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2001006 - Fundargerðir 2020 - Menningar- og safnanefnd

Forstöðumaður menningar- og safnamála kynnir fundargerð 87. fundar Menningar- og safnanefndar.

Lagt fram.

2. 1904136 - Suðurgata 108 - verðmat, framkvæmdir, sala

Kauptilboð í Suðurgötu 108.

ELA og VLJ fela bæjarstjóra að vinna málið áfram.

RÓ ítrekar fyrri afstöðu sína í málínu um sölu á eigninni.

3. 1903222 - Samningur um félagsþjónustu og barnavernd milli Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar

Samstarfssamningur við Hvalfjarðarsveit um verkefni á sviði barnaverndar og félagsþjónustu.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að upplýsa Hvalfjarðarsveit um ákvörðun Akraneskaupstaðar.

4. 1904086 - Íbúðir fyrir fatlaða einstaklinga - stofnstyrkur til Brynja hússjóður

Samstarfssamningur Akraneskaupstaðar og Brynju Hússjóðs Öryrkjabandalags um úthlutanir íbúða til öryrkja samkvæmt biðlista sveitarfélagsins eftir félagslegum leiguíbúðum.

ELA og VLJ samþykkja samkomulag um að gerður verður samstarfssamningur á milli Akraneskaupstaðar og Brynju, Hússjóðs Öryrkjabandalagsins (ÖBl) þar sem m.a. verði tryggt að úthlutun íbúðanna, sem stofnframlag Akraneskaupstaðar tekur til, fari til öryrkja samkvæmt biðlista sveitarfélagsins eftir félagslegum íbúðum og að leigufjárhæðir verði alfaríð ákveðnar af stjórn ÖBl samkvæmt skilyrðum laga nr. 52/2016 og reglugerðar nr. 183/2020.

RÓ situr hjá við afgreiðslu málsins.

5. 2004058 - Dalbraut 6 - leiguíbúðir fyrir aldraða

Samstarfssamningur Akraneskaupstaðar og Leigufélags aldraðra um úthlutanir leiguíbúða sem byggðar verða með stuðningi stofnframlags Akraneskaupstaðar og ríkisins.

ELA og VLJ samþykkja samkomulag um að gerður verður samstarfssamningur á milli Akraneskaupstaðar og Leigufélags aldraða þar sem m.a. verði tryggt að

úthlutun íbúðanna, sem stofnframlag Akraneskaupstaðar tekur til, fari til eldri borgara á Akranesi og að leigufjárhæðir verði alfarið ákveðnar af stjórn Leigufélags aldraðra samkvæmt skilyrðum laga nr. 52/2016 og reglugerðar nr. 183/2020.

RÓ ítrekar fyri bókun sína frá 25. júní 2020 og greiðir atkvæði gegn afgreiðslu málsins:

Bæjarfulltrúi Sjálfstæðisfloksins hefur kallað eftir því að dýpri þarfagreining fari fram hvort eftirspurn sé eftir sliku úrræði á Akranesi nú eða í náinni framtíð. Húsnæðisáætlun Akraneskaupstaðar tekur ekki á slikri greiningu og því telur bæjarfulltrúi ekki skynsamlegt að hefja þessa vegferð.

Rakel Óskarsdóttir (sign)

VLJ og ELA setja fram eftirfarandi bókun:

Bæjarfulltrúar Samfylkingar og Framsóknar og samþykkja úthlutun stofnframlags vegna uppbyggingar almennra íbúða á vegum Leigufélags aldraðra sem og fyrilliggjandi samstarfssamning.

Verkefnið er í samræmi við Húsnæðisáætlun Akraneskaupstaðar sem er stefnumarkandi plagg sem öll bæjarstjórin samþykkti.

Valgarður L. Jónsson (sign) Elsa Lára Arnardóttir (sign)

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:15.

Elsa Lára Arnardóttir
Rakel Óskarsdóttir
Valgarður L. Jónsson